

Ár 1981, þriðjudaginn 10. nóvember, var í málinu nr. 13/1981 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

Ú R S K U R Ð U R :

Málavextir eru þeir, að með bréfum frá 7. apríl og 7. október 1981 kærði Guðbjörg Egilsdóttir gjaldskyldu og gjaldstofn fasteignaskatts af íbúð, sem kærandi er skráður eigandi að í húsinu nr. 5 við Stíflusel í Reykjavík. Samkvæmt upplýsingum kæranda er íbúðin háð ákvæðum laga nr. 51/1980 um kaupskyldu sveitarfélaga á íbúðum í verkamannabústöðum og ákvæðum 66. gr. sömu laga um útreikning kaupverðs við slík eigandaskipti, sbr. áður 26. gr. laga nr. 30/1970. Þessi lagaákvæði bindi hámarksverð íbúðarinnar og sé ekki lagaheimild til að meta hana hærra við fasteignamat.


Á fyrrgreinda kaupskyldu megi og líta sem sérgreindan eignarrétt við þær aðstæður, sem um sé að ræða. Þessi kaupskylda eða forkaupsréttur takmarki skattskyldu kæranda í sömu hlutföllum og hún fái greitt fyrir íbúð sína, ef hún selji hana. Þá telur kærandi, að skv. 1. gr. laga nr. 94/1976 og rgj. nr. 406/1978 beri að meta þær kvaðir, sem á íbúðinni hvíla, til peningaverðs, og eigi þessar kvaðir að koma til lækkunar gjaldstofni íbúðarinnar.


Samkvæmt útreikningi kæranda hefði fasteignaverð umræddrar eignar átt að vera kr. 15.969.463,- í stað 30.010.000,-. Kærandi hefur gert ítarlega grein fyrir sjónarmiðum sínum og útreikningum í skriflegri greinargerð.


Samkvæmt 3. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 406/1978 skal við mat fasteigna eigi taka tillit til sérstakra ákvæða eða reglna um hámarkssöluverð fasteigna. Kærandi er eigandi umræddrar fasteignar og leigutaki leigulóðar í skilningi 4. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga. Samkvæmt þessu verður kærán ekki tekin til greina.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Ofangreind kæra er ekki tekin til greina.


Gaukur Jörundsson.


Guðmundur Magnússon.


Pétur Stefánsson